

Ed.

281. Frumvarp til laga

um breyting á lögum um meðferð og sölu mjólkur og rjóma, nr. 1 1935.

Flm.: Pétur Magnússon, Þorsteinn Briem.

1. gr.

Orðið „þurrmjólk“ í niðurlagi 1. gr. laganna falli burt.

2. gr.

Síðasti másl. 3. gr. laganna orðist þannig:

Mjólkursölu nefnd ákveður verðuppbætur, og skal það gert á þann veg, að sama verð sé greitt fyrir mjólkina til allra mjólkurbúa á verðjöfnunarsvæðinu, komna á sölustað, innan svæðisins, án tillits til þess, hvort mjólkinn er notuð til neyzlu eða til vinnslu.

3. gr.

Á eftir 3. gr. komi ný grein, er verður 4. gr., svo hljóðandi:

Til þess að standast verðuppbætur þær, er greiða skal samkv. 3. gr., skal auk verðjöfnunargjalds á neyzlumjólk, afla fjár í verðjöfnunarsjóðinn svo sem hér segir:

1. Af öllu innfluttu kjarnfóðri skal greiða innflutningsgjald, er renni í verðjöfnunarsjóð, og nemi það 5 aur. á hvert kg. Ráðherra setur með reglugerð nánari reglur um innheimtu þess og skiptingu milli mjólkurbúa. Rísi ágreiningur um, hvort vara teljist til kjarnfóðurs, fellir ráðherra úrskurð um það.

Ef flytja verður inn kjarnfóður vegna harðinda og fóðurskorts, er ráðherra heimilt að undanþiggja það innflutningsgjaldi.

2. Landbúnaðarráðherra heimilast að ákveða, að öll brauð, sem seld eru frá brauðsöluhúsum á verðjöfnunarsvæðinu, skuli blönduð að tilteknum hundræðshluta með mjólk eða mjólkurdufti (þar með talin mysa eða mysuduft). Ákveður hann jafnframt, eftir tillögum mjólkurverðlagsnefndar, verð á þeirri mjólk (mjólkurmysu) eða þurrmjólk, sem notuð er á þennan hátt. Sú verðhækkun, sem á mjólkinni verður fyrir þessa notkun, eftir mati mjólkursölu nefndar, rennur óskipt í verðjöfnunarsjóð.

Ef tekjur verðjöfnunarsjóðs hrökkva eigi til verðuppbóta samkv. 3. gr., skal það, sem á vantar, greitt úr ríkissjóði. Ef hinsvegar verður tekjuafgangur, er heimilt að lækka verðjöfnunargjaldið samkv. 2. gr., þó ekki fyrr en sjóðurinn er orðinn svo hár, að hann nemi síðasta árs útgjöldum.

4. gr.

Á eftir 13. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:

Ríkisstjórnin skal hlutast til um, að reist verði þurrmjólkurstöð á hentugum stað, og veitist stjórninni heimild til að láta stöðina njóta styrks á sama hátt og mjólkurbú hafa notið, og jafnframt til að ábyrgjast lán til byggingarinnar.

Greinargerð.

Þegar mjólkurlögin voru sett 1934, var talið, að nálegt $\frac{2}{3}$ hlutar af þeirri mjólk, er framleidd var til sölu á verðlagssvæði Reykjavíkur, væru seldir sem nýmjólk, rjómi og skyr. Afgangurinn fór til smjör- og ostagerðar. Driggja aura verðjöfnunargjald á seldan mjólkurlitra gerði því ca. 6 aur. uppbót á hvern litra af vinnslumjólk. Nú eru þessi hlutföll mjög breytt. Eins og nú standa sakir er talið, að álika mikið af mjólk fari til smjör- og ostagerðar og selt er í Reykjavík og Hafnarfirði. En þó má gera ráð fyrir, að þessi hlutföll breytlit enn frekar á næstu árum. Auk hins

eðlilega vaxtar mun fjárpestin mikla í Borgarfirði, sem nú er talið að einnig sé farin að stinga sér niður á Suðurlandsundirlendinu, án efa leiða til stórum aukinnar mjólkurframleiðslu. Þegar þessa er gætt, virðist auðsætt, að jafnvel þó verðjöfnunargjaldið á neytlumjólkina væri hækkað verulega frá því, sem nú er, þá mundi það þó hrökkva skammt til að bæta upp vinnslumjólkina í líkingu við það, sem upphaflega var til ætlazt. Hinsvegar þykir eigi líklegt, að mjólkurframleiðslan þoli verulega verðlækkun á næstu árum.

Í frv. þessu er lagt til, að verðjöfnunargjald á neytlumjólk sé látið haldast hið sama og verið hefir, en auk þess sé aflað fjár í verðjöfnunarsjóðinn með tolli á innflutt kjaranfóður og með því að fyrirskipa blöndun mjólkurdufts í brauð, sem seld eru frá brauðsöluhúsum á verðjöfnunarsvæðinu.

Um kjaranfóðurtollinn er það að segja, að í frv. er gert ráð fyrir, að hann sé lagður á allt kjaranfóður, sem til landsins er flutt. Flm. er ljóst, að nokkurs tvímælis orkar að skattleggja það kjaranfóður, sem notað er utan verðjöfnunarsvæðisins, og mundu þeir því fúsir til að taka til athugunar undanþágur frá tolli á þeim hluta vörunnar. Hinsvegar mun mikill meiri hluti hins innflutta kjaranfóðurs vera notaður í Reykjavík og nærsveitum hennar. Vel má vera, að tollhækkunin leiddi til nokkuð minnkaðs innflutnings, en af því leiddi þá einnig minnkuð mjólkurframleiðsla, og er eigi ólíklegt, að það gæti vegið sig upp. Innflutningur kjaranfóðurs á árinu 1935 er talinn tæpl. 4600 smál.

Þá er í frv. lagt til, að ráðherra sé heimilað að ákveða með reglugerð, að öll brauð, sem seld eru frá brauðsöluhúsum á verðjöfnunarsvæðinu, skuli blönduð með mjólk eða mjólkurdufti, þar með talin mysa og mysuduft, og er ætlazt til, að hann jafnframt ákveði verð á þeirri mjólk, sem notuð er til brauðagerðar. Er að sjálf-sögðu ætlazt til, að verðið sé sett svo hátt, að undanrenna (og mysa) gefi mun herra verð en með því að nota hana til ostagerðar. Sá hagnaður, sem af þessu yrði, þykir eðlilegt, að renni óskiptur í verðjöfnunarsjóð, og komi þannig að jöfnum notum fyrir alla, sem framleiða mjólk til vinnslu innan verðjöfnunarsvæðisins. Vitanlega yrði eigi komizt hjá að reisa mjólkurburrkunarstöð, og þykir líklegt, að heppi-legast væri að reisa hana í sambandi við Mjólkurbú Ölfusinga. Ætti hún að njóta styrks á sama hátt og mjólkurbú. Um þetta efni liggja að öðru leyti fyrir allýtarlegar upplýsingar í skýrslu dr. Jóns E. Vestdals.

Í frv. er gert ráð fyrir, að sama verð sé greitt fyrir mjólkina til allra mjólkurbúa á verðjöfnunarsvæðinu. Nokkur munur getur eigi að síður orðið á verði til framleiðenda. Veltur á mismunur annarsvegar á flutningskostnaði til búanna og til sölustaðar, en hinsvegar á rekstri þeirra. Vegna ákvæðisins um jafnaðargreiðsluna þykir óhjákvæmilegt að heimila greiðslu úr rikissjóði í verðjöfnunarsjóð, ef aðrir tekjustofnar hrökkva eigi til. Hinsvegar er hér eigi verið að binda rikissjóði þunga fjárhagsbagga. Ráðherra hefir í hendi sinni að ákveða verð á mjólk til brauðagerðar og getur hagað þeirri ákvörðun að nokkru eftir því, hverjar tekjur þykir nauðsynlegt að tryggja verðjöfnunarsjóðnum. Vitanlega er þó ekki ætlazt til, að það verð sé sett svo hátt, að neytendur séu beittir ósanngirni. En ef það kæmi í ljós, að eigi fengj-ust nægar tekjur í verðjöfnunarsjóð á þann hátt, sem hér er á bent, yrði að leita fleiri úrræða.

Nánari grein verður gerð fyrir frv. í framsögu.